

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Október 2025

Fjárlagafrumvarp

Í síðasta mánuði lagði ríkisstjórn Íslands fram fjárlagafrumvarp fyrir árið 2026. Af þeim sem taka afstöðu er um þriðjungur ánægður með frumvarpið en aðeins hærra hlutfall óánægt með það og um þrjú af hverjum tíu segjast hvorki ánægð né óánægð.


Ríflega helmingur tekur afstöðu til frumvarpsins en rúmlega 37% segjast ekki þekkja það og 8% til viðbótar segjast ekki vita hver afstaða sín er.

Gallup hefur einu sinni áður kannað viðhorf landsmanna til fjárlagafrumvarps ríkisstjórnar, fyrir rúmum áratug. Þá tóku talsvert fleiri afstöðu, eða átta af hverjum tíu. Hátt í tvöfalt fleiri voru óánægð með frumvarpið þá, eða ríflega 63%, og helmingi færri ánægð, eða 18%.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2026 sem lagt var fram þann 8. september síðastliðinn?



Karlar eru frekar óánægðir með fjárlagafrumvarpið en konur, sem segjast frekar hvorki ánægðar né óánægðar. Fólk yfir fimmtugu er frekar ánægt með frumvarpið en yngra fólk, sem er frekar óánægt með það. Fólk með lægri fjölskyldutekjur er ánægðara með frumvarpið en fólk með hærri tekjur, sem er frekar óánægt með það. Fáir af þeim sem kysu stjórnarandstöðuflokkana ef kosið yrði til Alþingis í dag eru ánægðir með frumvarpið en flestir þeirra sem kysu stjórnarflokkana eru ánægðir með það þó ánægjan sé mismikil eftir því hvern þeirra það kysi.



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2026 sem lagt var fram þann 8. september síðastliðinn?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 11. til 28. september 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.869 og þátttökuhlutfall var 43,8%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup. Megnið af svörum könnunarinnar kom inn fyrstu dagana.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.